

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 48/1994.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Jónasi Garðari Erlingssyni

(Sveinn Snorrason hrl.)

Þjófnaður. Hlutdeild. Birting dóms. Skilorðsrof. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni, og var málinu þá af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. janúar 1994 og krafist þyngingar á refsingu. Af hálfu annarra ákærðu hefur héraðsdómi ekki verið áfrýjað.

Krefst ákærði þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og skaðabótakröfu Tryggingar hf. Til vara er þess krafist, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt frá aðalmeðferð og því vísað heim í hérað að nýju, en til þrautavara, að dæmt verði, að hann hafi ekki rofið skilorð dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. desember 1992 og „að refsing verði metin með hliðsjón af 77. og/ eða 78. gr. almennra hegningarlaga og ekki aukin frá því, sem í þeim dómi var til tekin, og skilorð látið haldast“.

Ákærvaldið krefst nú staðfestingar á sakfellingu ákærða og refsíákvörðun héraðsdóms.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í ákæru er ákærða gefið að sök að hafa veitt meðákærðu liðsinni sitt við framkvæmd brots þeirra með því að hafa tjáð einum meðákærða, að umrætt hús væri hentugt til innbrots, og síðan ekið ásamt honum að húsinu og sýnt honum það, gefið upplýsingar um íbúa hússins og verðmæti þar innan dyra og þannig hvatt hann til að brjótast inn í húsið. Hefur ákærði viðurkennt þá verknaðarlýsingu, sem fram kemur í ákæru, og er málið því réttilega dæmt á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Er brotið réttilega heimfært til refsíákvæða.

Brot ákærða var framið, eftir að dómur var kveðinn upp í Hér-

aðsdómi Reykjavíkur 21. desember 1992 í öðru opinberu máli yfir honum og sex öðrum mönnum. Sá dómur var hins vegar ekki birtur ákærða fyrr en 16. janúar 1993 og þar með eftir að brot það, sem hér er til úrlausnar, var framið. Lýsti hann þá yfir, að hann myndi una dóminum, en samkvæmt honum var ákærða gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði skilorðsbundið.

Með því að birting dómsins hafði ekki farið fram, verður ekki lagt til grundvallar, að háttsemi sú, sem ákærði hefur nú gerst sekur um, hafi falið í sér skilorðsrof. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af meginreglu 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún samkvæmt þessu og með hliðsjón af atvikum málsins hæfilega metin fangelsi í tvo mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta til tjónþola. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að ekki verður ráðið af endurriti úr þinghaldi fyrir héraðsdómi, að ákærði hafi verið yfirheyrður sjálfstætt um málsatvik, áður en lögregluskýrsla var borin undir hann. Þá kemur ekki fram í bókun héraðsdómara, að athygli ákærða hafi verið vakin á rétti hans til að fá skipaðan verjanda. Ber að átelja þetta, en ekki þykir, eins og hér stendur á, alveg næg ástæða til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm af þessum sökum.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jónas Garðar Erlingsson, sæti fangelsi í tvo mánuði. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnað er staðfest, hvað hann varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 18. nóvember 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 18. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-228/1993: Ákærvaldið gegn X, Y, Jónasi Garðari Erlingssyni og Z, sem tekið er til dóms í dag.

Þáttur ákærða X var skilinn frá málinu vegna veru hans erlendis.

Málið er höfðað með ákæru, út gefinni af ríkissaksóknara 26. október gegn X [...], Y [...], Jónasi Garðari Erlingssyni, Breiðvangi 1, Hafnarfirði, fæddum 13. apríl 1973, fæðingarnúmer 466, og Z [...], fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I.

Ákærðu X, Y og Z er gefið að sök að hafa að morgni föstudags 8. janúar 1993 farið inn í íbúðarhúsið að Sunnuflöt 33 í Garðabæ og stolið þaðan geislaspilara, segulbandstæki, útvarpsmagnara, sjónvarpstæki, myndbandstæki, myndlykli, nokkrum myndbandsspólum, 6 demantshringum, 3 gullhringum, 2 gullkeðjum, 2 gullarmböndum, perluarmbandi, perluhálsmeni, gullúri, tveimur símtækjum, klukku, þremur kaktusum, þremur gólfmottum, hvítvínsflösku, nokkru magni af vindlingum og bjór og nokkrum tékkheftum, alls að áætluðu verðmæti 981.100 kr. Ákærða Jónasi Garðari er gefið að sök að hafa veitt meðákærðu liðsinni sitt við framkvæmd brots þeirra með því að hafa fimmtudagskvöldið 7. janúar 1993 tjáð meðákærða X, að umrætt hús væri hentugt til innbrots, og síðan ekið ásamt meðákærða X að húsinu og sýnt honum það, gefið upplýsingar um íbúa hússins og verðmæti þar innan dýra og hvatt meðákærða X til að brjótast inn í húsið.

Telst háttsemi ákærðu X, Y og Z varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ákærða Jónasar Garðars við 244. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefst Trygging hf. skaðabóta, 332.100 kr.

Er málið dæmt samkvæmt 125. gr. oml., en með skýlausri játningu ákærðu þykir sannað, að þeir hafi framið brot það, sem þeim er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæða í ákæru.

Við ákvörðun refsingar ákærðu telur dómari, að 2. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga eigi við.

— — —

II.

Ákærði Jónas Garðar hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga, einu sinni 10/12 1992, auk þess sem hann var dæmdur í 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára 21/12 1992 fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og rg. nr. 16/1986, 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 111. gr. alm. hgl. Hefur ákærði því með broti sínu nú rofið skilorð það, sem honum var sett í dóminum frá 21/12 1992, og það mál því dæmt með skv. 60. gr. alm. hgl. og refsing tiltekin eftir reglum 77. gr. s. I.

Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða Jónasar Garðars hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Eftir kröfu Tryggingar hf., sem ákærði hefur mótmælt, að honum beri að greiða, þykir þó rétt að dæma hann óskipt ásamt meðákærðu til greiðslu skaðabótakröfunnar. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt ásamt meðákærðu.

— — —

D ó m s o r ð :

Ákærði Y sæti fangelsi í 8 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ákærði Jónas Garðar Erlingsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Z sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja og hálf mánaðar af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ákærðu greiði óskipt Tryggingu hf. skaðabætur, að fjárhæð 332.100 kr.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.
